



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

Akureyri, 26. september 2019.

Akureyrarbær
Samfélagssvið
b.t. Kristins H. Reimarssonar.

Efni: Ósk um endurskoðun á framlagi Akureyrarbæjar, samkvæmt 6. gr. í samningi bæjarins og Félags eldri borgara á Akureyri.

Akureyrarbær hefur á undanförunum árum fjármagnað beint eða óbeint eitt starfshlutfall vegna reksturs félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1.
Framlag skv. 2. grein ofangreinds samnings nemur kr. 4.000.000 fyrir árin 2019 og 2020.

Tvær starfsstúlkur skipta í dag á milli sín 87,5% stöðugildi.
Áætluð laun þeirra á árinu 2019 er kr. 3.972.000, með launatengdum gjöldum kr. 4.770.000.
Framlag bæjarins nægir því engan veginn til greiðslu launa og launatengdra gjalda vegna starfseminnar.
Bókhaldskostnaður vegna launaútreikninga nemur um 11.000 krónum á mánuði eða 132.000 á ári. Heildarkostnaður vegna launa og launatengda gjalda árið 2019 kemur því til með að verða um kr. 4.900.000.

Ljóst er að laun munu hækka um 6,5% á næsta ári og þarf framlag Akureyrarbæjar til EBAK vegna launa, launatengra gjalda og aukins bókhaldskostnaðar því að hækka upp í a.m.k. 5.200.000 fyrir árið 2020.

Um leið og við þökkum fyrir veitt framlag er það von okkar að Akureyrarbær sjái sér fært að verða við þessari málaleitan svo það farsæla samstarf sem hefur verið geti haldið áfram á sömu braut.

Með fyrirfram þökkum.
F.h. Félags eldri borgara á Akureyri.

Haukur Halldórsson

Haukur Halldórsson,
formaður.

AKUREYRARBÆR	
Mótt.:	26.09.2019
Málsnr.:	2008010206
Lykill:	03-111